

## Breytingartillaga

við breytingartillögu á þingskjali 1459 [Samgönguáætlun 2011–2022].

Frá Jóni Bjarnasyni.

Við sundurliðun einstakra gjaldaliða í 2. tölul. Liðirnir *Um Bjarnarfjarðarháls* og *Um Veiðileysuháls* í kaflanum **Norðvestursvæði** orðist svo:

Vegnr. Kafnr.	Veg- heiti Kafleheiti	Lengd kafla [km]	Veg- teg- und	Kostnaður (millj. kr.)	1. tímabil 2011– 2014	2. tímabil 2015– 2018	3. tímabil 2019– 2022	2023+ Fram- hald	Öryggi	Greiðfærni	Umhverfi	Bygðamál
643												
04	Um Bjarnarfjarðarháls		C7	500	500				X	X	X	
06	Um Veiðileysuháls		C7	670	470	200			X	X	X	

### Greinargerð.

Lagt er til að framkvæmdum við Bjarnarfjarðarháls og Veiðileysuháls verði flýtt, sbr. tillögu til þingsályktunar um lagningu heilsársvegar í Árneshrepp (815. mál), og þar með að Alþingi ákveði að á næstu fjórum árum verði lokið að mestu gerð heilsársvegar norður í Árneshrepp. Verkinu verði að fullu lokið á næstu átta árum. Vegagerðin verði þegar beðin um að vinna framkvæmdaáætlun sem miði að því að svo verði.